

## AUGLÝSING

### um staðfestingu safnaráðs á stofnskrá Listasafns Árnesinga.

Með vísan til 3. tl. 10. gr., sbr. c-lið 2. mgr. 7. gr. safnalaga nr. 141/2011, staðfesti safnaráð þann 4. október 2013 stofnskrá Listasafns Árnesinga.

Stofnskráin er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

*Reykjavík, 25. júní 2015.*

F.h. safnaráðs,

**Ágústa Kristófersdóttir** framkvæmdastjóri.

### Fylgiskjal.

#### STOFNSKRÁ fyrir Listasafn Árnesinga.

1. gr.

*Heiti, starfssvið og starfssvæði.*

Safnið heitir Listasafn Árnesinga og er starfssvæði þess Árnesþing.

2. gr.

*Rekstrarform, eigendur og staðsetning.*

Listasafn Árnesinga er sjálfstæð stofnun í eigin húsnæði. Safnið er í eigu og umsjá héraðsnefndar Árnesinga, sem er byggðasamlag allra sveitarfélaganna í Árnessýslu, átta talsins. Héraðsnefnd felur þriggja manna fagráði safnsins meðferð mála þess.

Aðsetur Listasafns Árnesinga er í Hveragerði. Skulu þar vera varðveittar sérstaklega þær listaverkagjafir sem Árnesingum hafa borist. Einnig varðveitir safnið listaverk sem keypt hafa verið til þess og þau listaverk sem því síðar kann að áskotnast með gjöfum eða kaupum.

3. gr.

*Hlutverk.*

Hlutverk Listasafns Árnesinga er í meginatriðum:

- Að gæta þeirra listaverka sem Árnesingum hafa verið sameiginlega gefin eða þeim síðar kann að áskotnast og skrá verkin á þann hátt sem safnaráð viðurkennir.
- Að sinna menningar- og fræðslustarfsemi með rannsóknum, fyrirlestrum, sýningum, leiðsögn og með öðrum þeim hætti sem henta þykir á hverjum tíma og fé er veitt til með það að leiðarljósi að efla skilning á þróun og stöðu myndlistar og menningar.
- Að vera safn sem starfar í þágu almennings og ekki er rekið í hagnaðarskyni. Sýningarsalir safnsins eru opnir almennungi á auglýstum tíma og safnkostur er einnig aðgengilegur.

Að öðru leyti skal Listasafn Árnesinga starfa samkvæmt ákvæðum gildandi safnalaga og fylgja reglugerðum og reglum sem grundvallast á þeim lögum samhliða þeirri stefnu sem fagráð markar hverju sinni, sbr. 5. gr. Safnið og stjórnendur þess skulu einnig starfa eftir siðareglum Alþjóðaráðs safna, ICOM (International Council of Museums).

4. gr.

*Yfirstjórn.*

Héraðsnefnd Árnesinga kýs þrjá fulltrúa til setu í fagráði Listasafns Árnesinga og jafnmarga til vara. Formaður fagráðsins er kosinn af héraðsnefndinni og situr jafnframt í framkvæmdastjórn héraðsnefndar.

Héraðsnefnd Árnesinga setur fagráði erindisbréf þar sem nánar er kveðið á um verkefni og starfshætti þess.

Fagráð Listasafns Árnesinga heldur fundi eftir því sem þurfa þykir og ræður meirihluti atkvæða úrslitum mála. Á fyrsta fundi nýkjörins fagráðs eru varaformaður og ritari valdir.

## 5. gr.

*Fagráð.*

Fagráð Listasafns Árnesinga starfar í umboði héraðsnefndar Árnesinga. Það hefur á hendi yfirstjórn listasafnsins og markar því stefnu sem skal endurskoða á fjögurra ára fresti. Fagráðið fer með öll mál er snúa að rekstri safnsins.

Fagráð semur og samþykkir starfs- og fjárhagsáætlun og leggur hana fyrir fulltrúaráð héraðsnefndar Árnesinga síðasta lagi 1. október ár hvert. Fagráðið fylgist með fjárhag safnsins og ráðstöfun fjár. Fjármál safnsins eru að öðru leyti á ábyrgð safnstjóra, sem annast daglegan rekstur þess.

Fagráð skal senda héraðsnefnd ársskýrslu og endurskoðaða ársreikninga liðins árs fyrir 1. maí ár hvert.

## 6. gr.

*Safnstjóri.*

Fagráð, í samstarfi við framkvæmdastjórn héraðsnefndar, ræður safnstjóra til fimm ára í senn og ákveður starfssvið hans. Ráðningarkjör eru ákvörðuð af héraðsnefnd Árnesinga.

Safnstjóri Listasafns Árnesinga er starfsmaður fagráðsins og starfar eftir starfslýsingu safnstjóra. Hann undirbýr og situr fundi ráðsins og hefur þar málfrelsi og tillögurétt. Hann ber ábyrgð á að samþykktum starfs- og rekstraráætlunum sé fylgt.

Safnstjóri skal hafa háskólamenntun, staðgöða þekkingu á starfsemi safna og stjórnunarreynslu.

## 7. gr.

*Tekjur.*

Fastar tekjur listasafnsins eru árlegt framlag héraðsnefndar Árnesinga.

Heimilt er að afla annarra tekna með gjöldum fyrir veitta þjónustu og aðgangi að sýningum safnsins. Ennfremur er heimilt að afla tekna frá styrktaraðilum. Arður af starfseminni skal renna til safnsins.

## 8. gr.

*Gjafir.*

Listasafn Árnesinga má ekki taka við gjöfum sem kvaðir fylgja. Gjafabréf skal fylgja gjöf sem fagráðið samþykkir að veita viðtöku. Aldrei má selja gjöfina eða láta á annan hátt af hendi nema með samþykki fagráðs.

## 9. gr.

*Höfundalög.*

Meðferð verka í eigu safnsins skal lúta gildandi höfundalögum á hverjum tíma.

## 10. gr.

*Safnið lagt niður.*

Verði Listasafn Árnesinga lagt niður eða rekstrarformi þess breytt skal varðveita listaverkaeign þess með öruggum hætti í samráði við héraðsnefnd Árnesinga, Listasafn Íslands sem höfuðsafns myndlistar og ráðuneyti mennta- og menningarmála.

## 11. gr.

*Samþykkt og gildistími.*

Stofnskrá þessi er samþykkt af héraðsnefnd Árnesinga skv. ákvæðum gildandi safnalaga og öðlast hún gildi með staðfestingu safnaráðs.